

**Sp.**

## **520. Tillaga til þingsályktunar**

um ihlutun sveitarstjórna við stofnun nýbýla og samvinnubyggða.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumv. til laga um breyting á lögum nr. 25 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, þar sem hreppsnefndum verði veittur réttur til, hverri í sínum hreppi, að ákveða í samráði við nýbýlastjórn, hverjum nýbýli eða samvinnubyggð skuli heimiluð til búrekstrar. — Skal þessi ihlutunarréttur hreppsnefnda koma til greina við stofnun allra nýbýla og samvinnubyggða, annara en þeirra, sem stofnað er til af eigendum jarða eða þeim, er hafa fengið erfðaleigu á jörðum og skipta eignum með svo nákomnum, að svari til erfðaréttar óðals og ábúðar samkv. l. nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

### **Greinargerð.**

Það er öllum ljóst, hve miklu það skiptir sveitarfélögin að fá góðan bónda í sveitina, er ábúendaskipti verða á einhverri jörðinni. Þegar út af þessu hefir brugðið, eru þess því miður mörg dæmi, hve miklu tjóni og allskonar öfugstreymi það getur valdið, að jafnvel einn illa valinn bóndi kemst í sveitarfélagið. — Þegar þannig horfir nú við, að líkur eru til, að jafnvel fjöldi nýrra bænda bælist við í ýms hreppsfélög áður en langt um liður, samkvæmt nýbýlalöggjöfinni, þá dylst manni ekki, að sveitum þeim, er á þennan veg fá fleiri og færri nýliða í búendahópinn, er hin mesta nauðsyn að eiga kost á að gæta þar hagsmuna sinna og vera nokkru ráðandi um, hverjum hleypt er inn fyrir vébönd sveitarfélagsins. Í því vali kemur svo margt til greina, er snertir hagsmuni sveitarfélagsins og jafnvægi, sem forráðamenn þess hafa aðra og betri aðstöðu til að gera sér grein fyrir en nýbýlastjórnin ein, er eðlilega byggir fyrst og fremst á því, að hin lögmaeltu skilyrði séu fyrir hendi.

Frá sjónarmiði nýbýlastjórnar verður því að telja breytta lagaskipun í þessum efnum mjög æskilega. Er henni minni vandi og ábyrgð á höndum, ef illa tekst til um valið á innflytjendum, er sveitarstjórnin sjálf hefir verið þar hin ákvarðandi. — Fyrir þá, er telja þjóðarnauðsyn, að sjálfræði og frelsi hreppanna á Íslandi sé sem bezt varið og aukið fremur en skert, hlýtur sú ihlutun, sem sveitarstjórnnum á að tryggjast með því, er tillaga þessi stefnir að, að álitast bæði réttmæt og mjög nauðsynleg.

Það væri einkennilegt, ef mál þetta fengi ekki góðan byr á Alþingi, þar sem löggjafinn hefir áður sýnt það, að hann vill verja nauðsynlegan rétt sveitarstjórna um ráðstöfun jarða, sbr. forkaupsrétt sveitarfélaga að jarðeignum, að áhúanda frágengnum, og nú síðast ákvæði 10. málslíðs 24. gr. l. um erfðaábúð og óðalsrétt frá 1. febr. 1936, þar sem meiri hluta hreppsnefndar eru tryggð byggingarráð jarða, er hverfa úr óðali eða erfðaábúð. — Er þannig með tillögu þessari verið að leita lagasamræmis við gildandi réttarreglur og er afar áriðandi, að ekki vanti í nýbýlalöggjöfina.